



Bretland á leið úr Evrópusambandinu

Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu Breta um áframhaldandi veru Bretlands í Evrópusambandinu liggja fyrir. 51,9% greiddu atkvæði með úrsögn en 48,1% með áframhaldandi veru í sambandinu. Í ljósi niðurstöðunnar hefur David Cameron ákveðið að segja af sér sem forsætisráðherra. Verulegur órói hefur verið á fjármálamörkuðum í kjölfar niðurstöðunnar. Hagfræðideildin á hins vegar ekki von á að efnahagsleg áhrif hér á Íslandi verði veruleg þegar fram í sækir.

Söguleg tíðindi

Fyrirfram var ljóst að mjótt yrði á mununum í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Miklar sveiflur höfðu verið á gengi sterlingspunds gagnvart helstu gjaldmiðlum í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar. Styrking pundins síðustu daga bendir þó til þess að fjárfestar hafi talið líklegra að niðurstaðan yrði áframhaldandi Evrópusambandsaðild.

Sterlingspundið veiktist við niðurstöðuna


Við svona viðamikla breytingu á efnahagsumhverfinu og þá óvissu sem skapast í kringum hana má gera ráð fyrir að það taki nokkurn tíma fyrir gengi sterlingspundsins að ná jafnvægi. Seinustu dagana fyrir kosningar hafði sterlingspundið hækkað nokkuð eftir talsverða veikingu síðustu vikur og mánuði. Það fór hæst rétt yfir 1,50 Bandaríkjadali fyrir pundið. Í morgun féll sterlingspundið skarpt. Fór lægst í 1,32 USD, sem er meira en 10% veiking. Þetta er lægsta gildið síðan um miðjan níunda áratuginn. Lækkunin hafði um miðjan dag gengið aðeins til baka.

Hlutabréf og olía lækkuðu í verði en gull og ríkisskuldabréf hækkuðu

Breska hlutabréfavísitalan (FTSE 100) féll um 12,2% við opnun markaða í morgun, en bresk hlutabréf höfðu hins vegar hækkað nokkuð síðustu daga fyrir kosningarnar. Mest lækkun mældist á verði hlutabréfa í fjármálageiranum, byggingageiranum og smásöluverslun.


Eins og við var að búast völdu margir fjárfestar að flytja sig um set úr hlutabréfum yfir í áhættuminni eignir í kjölfar óvissunnar sem nú ríkir. Krafan á 10 ára bandarísk ríkisskuldabréf féllu um 0,2

Sterlingspund



Heimild: Thomson Reuters Eikon

Sterlingspund -innan dags



Mínútugögn. Seinasti tímamunktur 13:17 GMT
Heimild: Thomson Reuters Eikon



prósentustig í 1,47%, sem er lægsta gildi síðan 2010. Ávöxtunarkrafan á bresk ríkisskuldabréf til 10 ára lækkaði um 0,35 prósentustig niður í 1,02% sem lægsta gildið frá upphafi.

Gullverð hækkaði nokkuð skarpt í morgun eða í kringum 10% og kostar ein únsa af gulli nú rúmlega 1.358 dollara. Olía lækkaði um hins vegar um 4,8% í morgun og kostar fatið af Brent-norðursjávarolíu nú um 48 Bandaríkjadali.

Áhrif hér á landi

Engin breyting verður á stöðu Bretlands hvað varðar verslun og viðskipti innan Evrópska efnahagssvæðisins í það minnsta næstu 2 árin. Í framhaldi af því getur Ísland samið um áframhaldandi fríverslun við Bretland óháð því hvað gerist milli Evrópusambandsins og Bretlands. Í ljósi þess hversu mikilvægur markaður Bretland er fyrir Ísland, en rúmlega 10% af bæði innflutningi og útflutningi landsins er við Bretland, verður að teljast mjög ólíklegt að tollamúrar verði reistir milli landanna.

Takmörkuð áhrif á fjármálakerfið hér á landi

Íslenska fjármálakerfið er enn sem komið er tiltölulega einangrað fyrir áföllum á erlendum fjármálamörkuðum í ljósi fjármagnshafta og þess hversu lítil erlend umsvif bankanna eru. Samkvæmt mati Seðlabankans nemur brúttóstaða bankanna í sterlingspundum um 7% af eigin fé, en gjaldeyrisjöfnuður bankanna í pundum er lítillega jákvæður eða sem nemur 0,2% af eigin fé. Breyting á gengi pundsins hefur því lítil sem engin áhrif á efnahag innlendu viðskiptabankana.


Hvað verðar erlenda fjármögnun bankanna gæti órói á erlendum fjármálamörkuðum haft tímabundin neikvæð áhrif á fjármögnunarkostnað bankanna í erlendum myntum en bein áhrif af sveiflum á gengi sterlingspundsins eru þó afar lítil þar sem erlendar skuldabréfaútgáfur bankanna eru allar í öðrum gjaldmiðlum. Um 57% útgáfanna eru í evrum, 23% í Bandaríkjadollurum, 10% í sænskum krónum og 9% í norskum krónum. Aðrar myntir vega minna og ekkert er í breskum pundum.

Sterlingspund 15% af gjaldeyrisáhættu Seðlabanka Íslands

Þar til í lok janúar á þessu ári var eitt erlent lán ríkissjóðs í sterlingspundum, það er barnalánið


Hagsjá

10 ára ríkisskuldabréf




Heimild: Thomson Reuters Eikon

Útflutningur



Miðað við vægi í útflutningsgjaldmiðlavog Seðlabankans
Heimild: Seðlabanki Íslands

Innflutningur



Miðað við vægi í innflutningsgjaldmiðlavog Seðlabankans
Heimild: Seðlabanki Íslands



svokallaða, en eftirstöðvar þess voru um 28 milljón sterlingspund (jafnvirði 4,8 ma.kr.). Þetta lán hefur nú verið greitt upp.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans samanstendur í megindráttum af Bandaríkjadollar, evru, pundi og jeni. Vegur þar pundið að jafnaði 15% af gjaldeyrisáhættu bankans en dollar og evra 40% hvert um sig. Lækkun á gengi sterlingspundsins hefur því talsverð áhrif á verðmæti gjaldeyrisforðans í krónum talið.

Bein fjármunaæign í Bretlandi um 226 ma.kr.


Eins og rakið er hér að ofan er töluverð óvissa í ytri skilyrðum sem kann að hafa áhrif á fjárfestingar Íslendinga í Bretlandi og fjárfestingar Breta á Íslandi. Bein fjármunaæign Íslendinga í Bretlandi nam 225,6 ma.kr. í árslok 2014 samanborið við 215,1 ma.kr. í árslok 2013 og jókst því um 10,5 ma.kr. milli ára. Bein fjármunaæign Breta á Íslandi nam hins vegar aðeins um 19 ma.kr. í árslok 2014 samanborið við um 6,3 ma.kr. í árslok 2013. Veiking Sterlingspunds hefur því að öðru óbreyttu lítilháttar neikvæð áhrif á hreina erlenda stöðu þjóðarþúsins.

Bretar einn mikilvægasti viðskiptamannahópur ferðaþjónustunnar

Veiking pundspundis mun líklega hafa einhver áhrif á ferðalög Breta til annarra landa þ.m.t. Íslands. Veikingin felur í sér skertan kaupmátt Breta á erlendri grundu og gæti því dregið úr getu og vilja Breta til ferðalaga út fyrir landssteinana. Óvíst er hins vegar hvort að breskum ferðamönnum muni fækka og hvort þeim muni fækka hlutfallslega meira hér á landi en í öðrum löndum. Í þessu sambandi er athyglisvert að skoða þróun síðustu ára hér á landi sem hefur einkennst af mikilli fjölgun ferðamanna á sama tíma og krónan hefur verið að styrkjast. Það er því ekki sjálfgefið að styrking krónu gagnvart gjaldmiðli viðkomandi landa muni yfirferast í færri ferðamenn. Áhrifin geta einnig verið með þeim hætti að ferðamenn dragi úr neyslu sinni.


Bretar hafa löngum verið einn mikilvægasti viðskiptamannahópur íslenskrar ferðaþjónustu. Árin 2013 og 2014 voru þeir fjölmennasti hópur ferðamanna sem hingað kom. Bandaríkjamenn voru hins vegar fjölmennastir á síðasta ári en Bretar komu mjög skammt undan en þessar tvær þjóðir hafa á síðustu árum verið langfjölmennasti hópur ferðamanna hér á landi.

Bein fjármunaæign




Heimild: Seðlabanki Ísland

Breyting í fjölda breskra ferðamanna og gengi



Fjöldi breskra ferðamanna til Íslands
Heimild: Ferðamálastofa, Seðlabanki Íslands

Fjöldi ferðamanna 2015



Heimild: Ferðamálastofa



Á síðasta ári voru Bretar 19% þeirra erlendu ferðamanna sem hingað komu. Það er sami fjöldi og kom frá Þýskalandi, Noregi, Frakklandi og Japan samanlagt svo dæmi sé tekið.

Meðalkortavelta Breta er í lægri kantinum en þeir eru duglegir að koma utan háannatíma

Þrátt fyrir að Bretar hafi verið stór hluti erlendra ferðamanna á síðustu árum eru efnahagsleg áhrif þeirra minni en ætla má af fjölda þeirra. Þannig nam meðalkortavelta á hvern breskan ferðamann um 81 þús.kr. sem er með því lægsta sem gerist. Til samanburðar voru Bandaríkjamenn með tæplega tvöfalt meiri kortaveltu á mann á síðasta ári.

Heildarkortavelta Breta hér á landi á síðasta ári nam um 19,5 ma.kr. Það er tæplega 13% af heildarkortaveltanotkun erlendra ferðamanna hér á landi.

Það sem sker breska ferðamenn einna helst frá öðrum ferðamönnum sem hingað koma er að árstíðarsveiflan í komum þeirra er með öfugum formerkjum miðað við aðrar þjóðir. Þannig koma Bretar frekar hingað yfir veturinn en aðra mánuði ársins. Áhrif þeirra á íslenska ferðaþjónustu hafa því að hluta til verið að draga úr þeirri árstíðarsveiflu sem er í komum ferðamanna hingað til lands. Af þeim sökum hafa þeir einnig verið mikilvægir fyrir íslenska ferðaþjónustu.


Veiking pundsins gæti dregið úr eftirspurn eftir íslenskum sjávarafurðum

Bretland hefur lengi verið einn almikilvægasti markaðurinn fyrir íslenskar sjávarafurðir. Árið 2014 fóru 17% íslenskra sjávarafurða til Bretlands en sem dæmi var næststærsti markaðurinn, Spánn, með einungis helminginn af þeirri upphæð eða 8%. Um helmingur sjávarafurða sem þangað fer eru þorskafurðir. Um 16% er ýsa og 15,7% rækja. Aðrar tegundir vega mun minna. Íslenskar sjávarafurðir hafa haft á sér ákveðinn gæðastimpil á Bretlandi og verðlagðar eftir því. Það er því ekki ólíklegt að veiking pundsins gæti haft nokkur áhrif á eftirspurn eftir íslenskum sjávarafurðum.

Hvað gerist næst?


Í aðildarreglum Evrópusambandsins er í 50. grein sáttmálans gert ráð fyrir möguleikanum á að

Kortavelta á mann




Heimild: Ferðamálastofa, Rannsóknarsetur verslunarinnar þús.kr.

Heildarkortavelta eftir þjóðerni



Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar Ma.kr.

Árstíðarsveifla ferðamanna




Fjöldi ferðamanna sem kemur í hverjum mánuði sem hlutfall af heildarfjölda ferðamanna yfir árið Heimild: Hagstofa Íslands



aðildarríki velji að yfirgefa sambandið. Ef ríki ákveður að virkja þessa grein tekur við 2ja ára ferli þar sem Bretum gefst kostur að semja um skilyrði slita sinna við sambandið. Hinum megin við samningaborðið gagnvart Bretum eru leiðtogar 27 Evrópuríkja og hefur hvert og eitt ríki sambandsins neitunarvald hvað varðar nýja samninga við Bretland. Ef ekki tekst að semja innan tveggja ára frá því að Bretland tilkynnir Evrópusambandinu formlega að þeir hyggist yfirgefa sambandið falla niður allar gagnkvæmar skyldur og ábati sem fellst í aðild að sambandinu. Á meðan á þessu ferli stendur, þ.e.a.s. næstu 2 árin eða svo, mun Bretland áfram vera skuldbundið til að fylgja öllum samningum, lögum og reglum Evrópusambandsins, án þess þó að geta haft nokkur áhrif á ákvörðunartöku Evrópusambandsins.

Útflutningur sjávarafurða



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.